

Alþingi  
Erindi nr. P 130/620  
komudagur 15.12.2003



Alþingi Íslendinga  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

## FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804  
Netfang: postur@fel.stjr.is  
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 11. desember 2003  
Tilvísun: FEL03110038/Alþingi/GB/--


Vísað er til bréfs skrifstofu Alþingis, dags. 18. nóvember 2003, þar sem fram kemur að félagsmálanefnd Alþingis hafi ákveðið að óska eftir álitum félagsmálaráðuneytisins á frumvarpi til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 45/1998, sem lagt hefur verið fram á þingskjali 30 - 30. mál. Í frumvarpinu er lagt til að lágmarksíbúatala í sveitarfélögum verði hækkuð úr 50 í 1.000 og að þessi breyting taki til sveitarfélaga sem hafa færri en 1.000 íbúa í 3 ár samfleytt frá 1. janúar 2004. Flutningsmenn eru Jóhann Ársælsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Helgi Hjörvar.


Ráðuneytið er sammála þeim markmiðum sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að stuðla beri að eflingu sveitarstjórnarstigsins. Fækkun og stækkun sveitarfélaga er þó aðeins einn af mörgum þáttum sem huga þarf að til að ná því marki að efla sveitarfélögin og tryggja að þeim sé kleift að uppfylla skyldur sínar gagnvart íbúum. Félagsmálaráðherra hefur nýlega skipað verkefnisstjórn sem hefur það hlutverk að efla sveitarstjórnarstigið, meðal annars með því að vinna að sameiningu sveitarfélaga. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á að vinna verkefnið í eins mikilli sátt við sveitarstjórnarmenn og mögulegt er. Hvað þetta varðar gengur frumvarpið í andstæða átt og telur ráðuneytið ástæðu til að setja vara við því að löggjafinn mæli fyrir um tiltekinn lágmarksíbúafjölda í sveitarfélögum, a.m.k. áður en komið er í ljós hver árangurinn verður af starfi verkefnisstjórnar. Einnig má draga í efa þau rök sem færð eru fyrir þeirri íbúatölu sem miðað er við í frumvarpinu.

Ráðuneytið telur einnig rétt að minna á að í 78. gr. stjórnarskrárinnar er kveðið á um að sveitarfélög skulu sjálf ráða málefnum sínum eftir því sem lög ákveða. Ákvæðið veitir löggjafanum heimild til að setja í lög fyrirmæli til sveitarfélaga. Eðlilegt er hins vegar að þeirri heimild verði beitt í hófi og að ekki sé þá gengið lengra en ástæða er til.

Ráðuneytið mælir ekki með samþykkt frumvarpsins, með vísan til framangreindra ástæðna.

F. h. r.

  
Hermann Sæmundsson

  
Guðjón Bragason